

- 139 2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður  
17. júlí hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

#### V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 17. júlí 1951.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

140  
19. júlí

#### AUGLÝSING

um breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 11 20. jan. 1950.

Aftan við síðari málsgr. 255. gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Enn fremur er lögreglustjóra heimilt eftir beiðni heilbrigðisnefndar, að stöðva starfsemi, er fellur undir samþykkt þessa, um stundarsakir, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

Breyting þess, sem gerð er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 19. júlí 1951.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

141  
21. júlí

#### AUGLÝSING

um notkun heimildar um hækkun iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs árið 1951.

Ríkisstjórnin hefur, að fengnum tillögum frá tryggingaráði, ákveðið að neyta heimildar bráðabirgðaákvæðis laga nr. 51/1951 til þess að hækka iðgjöld og framlög til tryggingasjóðs á árinu 1951 um jafnan hundraðshluta, og skal hækkunin nema sem næst 11% — ellefu af hundraði — þannig:

Hið fasta framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum ársins 1951 hækkar um kr. 2.073 milljónir og heildarframlög sveitarfélaganna um kr. 1.287 millj. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 112. gr. skulu innheimt samkvæmt iðgjaldaskrár ársins 1951 með 11% álagi. Á sama hátt skulu iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 107. gr. fyrir árið 1951 innheimt með álagi sem hér segir:

	I. verðlagssvæði:	II. verðlagssvæði:	141
Iðgjöld kvæntra karla .....	kr. 50.00	kr. 40.00	21. júlí
— ókvæntra karla .....	— 45.00	— 35.00	
— ógiftra kvenna .....	— 35.00	— 30.00	

*Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1951.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

142

fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar.

24. júlí

### 1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur einkarétt til vatnssölu i kaupstaðnum og á höfninni.

Óheimilt er skipum í Siglufjarðarhöfn að taka vatn annars staðar í Siglufirði en úr æðum vatnsveitu Siglufjarðar, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnssölu- maður eða vatnsveitustjóri ákveða.

### 2. gr.

Enginn má leggja vatnsæð frá vatnsveitu kaupstaðarins annar en sá, sem bæjarstjórn felur það starf.

### 3. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Siglufjarðar, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni fylgi nákvæmar upplýsingar um hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa, og til hvers það skuli notað.

Vatnsveitan leggur æðar sínar að stopphana, en vatnsnotandi annast lagningu vatnsæða og viðhald þeirra innan stopphana.

### 4. gr.

Skýlt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum frá stopphana vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitustjóra, og með þeim útbúnaði, sem hann telur trygган.

### 5. gr.

Vatnsveitustjóra, í samráði við bæjarstjóra, er heimilt að loka vatnsæðum kaupstaðarins fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við leka eða aðrar bilanir á leiðslum sínum, eða nota vatn þannig, eða hafa vatnsæðum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af.

### 6. gr.

Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi ekki krafizt lækkunar á gjaldi sínu fyrir vatnið.